

Fundargerð

Höfundur: Jón Smári Jónsson

Dags. 16. desember 2021 kl.10:30-11:50.

Tilvísun: 202111055/ 2.8.2

Efni: Samráðsfundur Carbfix um niðurdælingu á CO₂ til steinrenningar á Hellisheiði

Mætt:

Jakob Gunnarsson, Egill Þórarinnsson og Jón Smári Jónsson f.h. Skipulagsstofnunar. Ása Ögmundsdóttir og Helga Jónsdóttir frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, Sverrir Jónsson og Sigríður Skaftadóttir f.h. Umhverfisstofnunar, Gunnlaugur Jónasson f.h. Sveitarfélagsins Ölfuss og Auður Andrésdóttir, Bergur Sigfússon, Edda Aradóttir, Heiða Aðalsteinsdóttir, Íris Sæmundsdóttir og Sandra Snæbjörnsdóttir f.h. framkvæmdaraðila.

Dagskrá:

Jakob Gunnarsson hóf fundinn með því að fara yfir markmið með forsamráði eins og það er skilgreint í lögum og reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Kynning á áformum

Sandra Snæbjörnsdóttir fór yfir áform Carbfix um niðurdælingu á CO₂ til steinrenningar á Hellisheiði, reynslu síðastliðinna ára af niðurdælingu og þær rannsóknir sem eru í gangi. Einnig þau rannsóknar- og þróunarverkefni sem eru í undirbúningi varðandi föngun á CO₂ úr andrúmslofti og förgun þess. Fyrirhuguð niðurdæling á vegum Carbfix er fyrsta verkefnið til að hljóta styrk úr nýsköpunarsjóði EU (Innovation Fund). Fyrirhuguð framkvæmd við niðurdælingu er matsskyld skv. tölul. 3.18. í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Heiða Aðalsteinsdóttir fór yfir feril leyfisveitinga og drög að efnisyfirliti fyrir matsáætlun. Að mati framkvæmdaraðila eru fyrirhugaðar framkvæmdir í samræmi við bæði aðalskipulag Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022 og deiliskipulag Hellisheiðarvirkjunar. Farið var yfir tímaáætlun fyrir umhverfismat, skipulags- og leyfisferil vegna framkvæmdarinnar. Einnig samþættingu skýrslugerðar vegna umhverfismats og umsóknar um starfs- og rekstrarleyfi.

Umræður um samþættingu umhverfismats og starfsleyfisgerðar

Sverrir Jónsson ræddi samþættingu umhverfismats og starfsleyfis og sagði að erfitt væri fyrir Umhverfisstofnun að hefja marktækt vinnu við starfsleyfisgerð áður en álit Skipulagsstofnunar lægi fyrir. Mikilvægt væri fyrir stofnunina að hafa vísir af niðurstöðu úr umhverfismatinu áður en Umhverfisstofnun gæti hafið vinnu við starfsleyfi. Því til stuðnings bendi hann á úrskurð úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála um að taka þyrfti tillit til álits Skipulagsstofnunar við vinnslu starfsleyfis.

Málshraðaviðmið Umhverfisstofnunar varðandi starfsleyfisgerð voru til umræðu og Jakob Gunnarsson spurði hvort að eitthvað væri því til fyrirstöðu að hafin væri vinna við starfsleyfisgerð fljótlega eftir að umsókn bærst, þó að henni lyki ekki fyrr en álit Skipulagsstofnunar lægi fyrir. Sverrir taldi að hægt væri að hefja vinnu við starfsleyfi og bendi í því sambandi á að mikilvægt væri að gögn sem fylgdu starfsleyfisumsókn væru fullnægjandi og að samvinna umsóknaraðila og Umhverfisstofnunar væri góð. Sverrir bendi á að fjöldi starfsleyfisumsókna lægi fyrir hjá stofnuninni en tók það fram að ef ástæða þætti til að setja vinnu við starfsleyfisgerð vegna niðurdælingarinnar í forgang, þá væri það ákvörðun sem þyrfti að taka.

Fulltrúar framkvæmdaraðila ræddu mikilvægi samþættingar vinnu umhverfismatsskýrslu og starfsleyfis og í því sambandi málshraðaviðmið Umhverfisstofnunar og lögðu áherslu á mikilvægi þess að hægt væri að samþætta eins og kostur væri þessi tvö ferli, þ.e. umhverfismats og starfsleyfis án þess að draga úr þeim kröfum sem gert væri ráð fyrir í ferlunum. Einnig var rætt af hverju væri forsenda að álit liggi fyrir áður en umsókn sé tekin til afgreiðslu og hvar í lögum það kæmi fram.

Skipulagsstofnun ræddi mögulegt samtal við Umhverfisstofnun og upplýsingagjöf vegna starfleyfisgerðar, samhliða álitsvinnu Skipulagsstofnunar, miðað við að framkvæmdaraðili skili starfsleyfisumsókn til Umhverfisstofnunar þegar umhverfismatsskýrsla um framkvæmdina liggur fyrir.

Sigríður Skaftadóttir benti á að þegar drög að starfsleyfi lægju fyrir, bæri Umhverfisstofnun að senda þau til umsagnar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) sem þá tæki sér fjóra mánuði til þess að skila inn umsögn varðandi drögin, sem Umhverfisstofnun tæki afstöðu til við starfsleyfisgerð.

Helga Jónsdóttir spurði um málshraða umhverfismats miðað við framsetta tímaáætlun, en skv. henni gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að álit stofnunarinnar liggi fyrir í febrúar 2023. Egill Þórarinsson benti á að tímaáætlun Carbix áætlaði rúman tíma á málsmeðferð Skipulagsstofnunar og að gera megi ráð fyrir að hann verði styttri, bæði með tilliti til afgreiðslu matsáætlunar sem og umhverfismatsskýrslu, með fyrirvara um gæði gagna og viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum.

Fulltrúar framkvæmdaraðila ræddu um hvaða tungumál mætti vera á gögnum með starfsleyfisumsókn og hvort þau geti verið á ensku. Fram kom að einhver gögn megi eflaust vera á ensku.

Skipulagsmál

Gunnlaugur Jónasson taldi að áformin kölluðu ekki á breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Hann benti á að byrja mætti fyrr á skipulagsvinnu en kynnt tímaáætlun gerði ráð fyrir. Varðandi deiliskipulagið taldi hann að ekki lægi ljóst fyrir hvort fyrirhugaðar framkvæmdir kölluðu á breytingar á deiliskipulagi Helligheiðarvirkjunar en ef til þess kæmi væri sjálfsagt að samþætta ferlið og sameina kynningar umhverfismats framkvæmdarinnar og skipulagstillögu samkvæmt skipulagslögum. Jakob Gunnarsson benti á að Skipulagsstofnun og sveitarfélagið þyrftu að skoða þetta atriði nánar.